

# Skýrsla formanns Foreldrafélags Glerárskóla – starfsárið 2015-2016

## Skipan stjórnar

Formaður: Aníta Jónsdóttir

Gjaldkeri: Vilborg Hreinsdóttir

Ritari: Líney Elíasdóttir

Tengiliður skólans í foreldrafélaginu: Brynja Sigurðardóttir, ritari skólans

Fulltrúar félagsins í Samtaka: Vilborg Hreinsdóttir og Aníta Jónsdóttir

Fulltrúar félagsins í skólaráði: Sunneva Guðgeirsdóttir og Freydís Dana Sigurðardóttir. Til

vara: Hólmfríður Þorsteinsdóttir og Elfa Björk Gylfadóttir

Í umhverfisnefnd: Brynhildur Smáradóttir. Til vara: Inga Steinlaug Hauksdóttir

Aðrir í stjórn: Sigurlaug Stefánsdóttir og Alma Stígsdóttir

## Fundahöld

Stjórnin hittist 7 sinnum til skrafs og ráðagerðar, þar af 3 sinnum með bekkjaráðum skólans þar sem jólaföndur og vorhátíð var meðal annars undirbúið. Auk hefðbundinna stjórnarfunda var einn fundur haldin með Samtaka, þar sem stjórnir annarra foreldrafélaga kynntu starf sitt. Á þeim fundi sköpuðust góðar umræður og margar góðar hugmyndir voru viðraðar. Einnig kynnti formaður Samtaka Foreldraröltið sem taka á upp veturinn 2016-2017.

## Helstu verkefni stjórnar

Að venju er eitt af fyrstu verkefnum stjórnar að halda fund með bekkjaráðum, þar sem foreldrafélagið er kynnt og farið er yfir starf bekkjaráðanna. Bekkjaráð ákveða dagskrá vetrarins og senda hana til Brynju. Þegar dagskrá liggur fyrir fá bekkjaráðin peninga til ráðstöfunar yfir veturinn. Ef peningarnir hafa ekki verið notaðir að vori renna þeir aftur til foreldrafélagsins.

Hið árlega jólaföndur var haldið 28. nóvember. Stöðvum var fækkað, 2 bekkir sáu um hverja stöð, utan 9. og 10. bekkur sem sáu um jólakortin og vöfflusöluna vinsælu. Vorhátíðin var haldin á skólatíma líkt og í fyrra og þykir það gefa góða raun.

Foreldrafélagið tekur þátt í að kaupa ýmislegt sem nýtist skólanum og nemendum hans. Vinaliðaverkefni var styrkt með kaupum á leikföngum, nemendur 9. bekkjar fengu styrk frá félaginu til þess að setja upp árshátíðarsýningu sína með glæsibrag. Félagið keypti dúka á borð í matsal, járnskóhorn fyrir nemendur og síðast en ekki síst var sett upp glæsileg margföldunartafla í stigann niður í matsal.

Líkt og undanfarin ár var nemendum 1. bekkjar afhentir bolir þegar þeir komu í heimsókn í skólann. Gjöfin var hluti af því að bjóða nemendur velkomna í skólann.

Fulltrúar úr stjórn sitja fundi Samtaka.

### **Fylgt úr hlaði**

Starf foreldrafélagsins er mikilvægt og því hefur verið sinnt af samviskusemi og vilja til þess að gera gott skólasamfélag enn betra. Samstarf foreldra er mikilvægt og við eigum að hafa áhrif í skólasamfélaginu, sýna áhuga á skóla barna okkar, vera fús til samstarfs og leita ávallt leiða til lausna. Verkefni eru mörg, fjölbreytt og mikilvæg. Og við eigum öll að sameinast um þau. Við erum öll félagar og við eigum öll að taka þátt í uppbyggingu og starfi félagsins. Það finnst mér einna brýnasta markmið félagsins.

### **Lokaorð**

Ég vil að lokum þakka fyrir samstarf síðasta skólaárs. Það hefur verið gott og gefandi að vinna með samstarfsfólki mínu í stjórn, skólastjórnendum og foreldrum. Saman höfum við það að leiðarljósi að gera gott skólasamfélag enn betra. Verum stolt af skóla barna okkar og því gróskumikla, jákvæða og umhyggjusama skólasamfélagi sem við öll tilheyrum.

Ég enda ræðu mína á sömu lokaorðum og í fyrra og árið þar áður, því þau eiga vel við þá, nú og alltaf.

Það er einlæg von mín að starf Foreldrafélags Glerárskóla vaxi og dafni, með þátttöku sem flestra, því að það er margsannað að aðkoma foreldra að skólastarfi getur skipt sköpum fyrir skólagöngu barns. Fram veginn gott fólk.

Aníta Jónsdóttir.